



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Kötlumóti
Flúðum
16. október 2010**

Ágætu kórfélagar
Góðir gestir

Söngmótið hér að Flúðum er glæsilegur vitnisburður um félagsauðinn sem býr í karlakórum, túlkun ykkar á perlum íslenskrar tónlistar, samstöðuna, félagsskapinn.

Gestgjafarnir, Hreppamenn, sýna í verki stórhug Sunnlendinga; sveitirnar og dreifðar byggðir munar ekkert um að halda stórmót sem sómt hefði sér vel í heimsborg.

Það er líka skemmtileg vísun til sögunnar að umdæmi Kötlu er nánast gjörvallt Suðuramtið sem um aldir var burðarás í stjórnslu landsins og lifir nú einna helst í mótum ykkar. Því er við hæfi að kallast líka á við Norðuramtið með boðinu til Karlakórs Akureyrar sem reyndar ber nú einnig sunnlenskt kennileiti í nafni sínu.

Kötlumótið nú er eins og hin fyrri sönnun þess að sönghefðin lifir góðu lífi með þjóðinni, þrátt fyrir umbyltingu í lífsstíl og þjóðfélagsháttum, þrátt fyrir glímuna sem við heyjum á vettvangi efnahagslífsins.

Kannski eru slíkir tímar einmitt áminning um mikilvægi kórarstarfs, um ríkulega sönghefð sem hefur til að bera frjóa endurnýjun og á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar og mannlífi byggðanna.

Karлакórar hafa jafnan kappkostað að flytja perlur íslenskrar tónlistar, ljóð og lög sem snerta strengi ættjarðarástar eða túlka virðingu okkar fyrir náttúrunni, fegurð landsins. Kórsöngurinn átti virkan þátt í mótun sjálfstæðisvitundar sem knúði baráttuna sem að lokum leiddi til stofnunar lýðveldis á Þingvöllum við Öxará.

Karllakórar hafa á síðari árum orðið vettvangur fyrir frumflutning á verkum tónskáldanna – og oft greinilegt að höfundum finnst ögrandi að láta reyna á þanþolið sem í röddunum býr.

Þannig hefur hluti þeirra nýsköpunar sem ríkulega hefur einkennt íslenskt tónlistarlíf farið fram á vettvangi kóra jafnframt því sem þeir hafa verið flytjendur erlendra tónsmíða, bæði sígildra og samtímaverka.

Kötlumótið á Flúðum birtir okkur alla þessa eiginleika. Kórarnir syngja í reynd fyrir okkur öll, hljómurinn ýmist þungur eða léttur og leikandi, raddirnar túlka tilfinningar sem búa í brjóstum okkar.

Í agaðri sönggleðinni skynjum við ánægjuna sem þátttakan og þjálfunin veitir ykkur kórfélögum. Þið vitið manna best að kórsöngur er ekki aðeins listræn tjáning heldur líka félagsskapur, bræðralag.

Á tímum hraðra breytinga, þegar öldur nýrra áhrifa skella á okkur úr öllum áttum, eru samkomur kórfélaga, tónleikarnir, vitnisburður um staðfestu, samhengið í menningu okkar og listalífi; sönnun þess að byggðirnar búa enn að miklum styrk.

Fyrir okkur sem ólumst upp vestur á Fjörðum fyrir röskri hálfri öld voru frægðarferðir kóranna til Norðurlanda, jafnvel Ameríku, ævintýri; á vissan hátt sú tenging við umheiminn sem við munum helst.

Sérstaklega átti það við um fólkið í Dýrafirði, áttögum afa og ömmu, því Sigurður sonur sr. Þórðar á Söndum var í þeirra huga söngstjórinn mikli, strákurinn frá prestssetrinu sem hafði gert tónlist að ævistarfi. Þegar Karllakór Reykjavíkur söng á Gömlu Gufunni undir styrki stjórn Sigurðar varð lotningarfull þögn á öllum heimilum í Dýrafirði – og reyndar víðar um landið.

Fyrir okkur sem fengum í æsku slíkt veganesti hafa tónleikar karllakóra ætíð verið sérstök hátíð og mig langar við þetta tækifæri að þakka fyrir þá gleði sem kórsöngurinn hefur veitt mínu lífi, þótt ég hafi aðeins verið í hlutverki áheyrans.

Þannig hafið þið, kórfélagar, átt dygga hollvini með íslenskri þjóð og munið eiga um ókomin ár. Því færi ég ykkur hér í dag árnaðaróskir Íslendinga.